



Leikskólinn Krakkaborg

Þingborg, Flóahreppi, 801 Selfoss. S. 482-3085. Netfang: leikskóli@floahreppur.is

Veffang: www.floahreppur.is

Dvalarsamningur

Nafn barns		Kennitala	
Lögheimili barns	Sveitarfélag	Sími	
Foreldri/forráðamaður 1	Kennitala	Sími	
Atvinna	Netfang	Vinnusími	Gsm-sími
Foreldri/forráðamaður 2	Kennitala	Sími	
Atvinna	Netfang	Vinnusími	Gsm-sími
Hjúskaparstaða forráðamanns	Áður í leikskóla, hvar ?		
Gift	Í sambúð	Einstæð/ur	
Fæðingarár systkina	Heimilislæknir/Heilsugæslust.		Heilbrigðisskoðun
	12 mán.	18 mán.	3 ½ árs
			5 ára

Dvalartími barns í leikskóla frá kl. _____ til kl. _____

Mikilvægt er að barnið mæti vel og stundvíslega í leikskólann. Foreldrum er skylt að virða þann tíma sem barninu er úthlutað. Fyrir hverjar 15 mínútur sem barn er sótt of seint er leikskólastjóra heimilt að innheimta sekt upp á **1.993 kr.** Einnig ber foreldrum / forráðamönnum að láta vita ef þeim seinkar af óviðráðanlegum orsökum. Barninu skal skilað í hendur starfsfólks og starfsfólkið látið vita þegar barnið er sótt. Foreldrum ber að tilkynna ef barnið er fjarverandi vegna veikinda eða annarra forfalla.

Foreldrum er skylt að tilkynna leikskólanum um breytingar á högum sínum s.s. breytt heimilisfang, símanúmer, vinnusíma og breytta hjúskaparstöðu.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á dvalarsamningi er einn mánuður og miðast við 1. hvers mánaðar.

Lágmarksvistunartíminn er fjórir dagar í viku fjóra tíma í senn. Þessir dagar skulu vera samfelldir, mánudagur, þriðjudagur, miðvikudagur og fimmtudagur með sama vistunartíma. Vistunartími getur hafist á bilinu 8:00, 8:30, 9:00 og 13:00. Opnunartími er frá kl:7:45-16:30. Lóudeild er opnunartími frá 8:00 – 16:00. Foreldrar eru beðnir um að virða þann tíma til að raska ekki innra starfi skólans.

Ef foreldrar óska eftir breytingum á umsömdum vistunartíma skal ósk þar um berast til leikskólastjóra eigi seinna en 18.hvers mánaðar og breyting tekur þá gildi 1.næsta mánaðar.

Barnið er slysatryggt í leikskólanum.

Leikskólinn ber ekki ábyrgð á fatnaði eða öðrum munum sem tilheyrir barninu og er geymt í leikskólanum.

Leikskólinn er lokaður í 5 vikur yfir sumarið. Leikskólinn er lokaður á aðfangadag og gamlársgdag. Tveir skipulagsdagar eru á ári hjá starfsfólki leikskólans og einn námskeiðsdagur. Þá daga er leikskólinn lokaður. Leikskólinn er einnig lokaður þann dag sem starfsfólk sækir Haustþing 8. deildar Félags leikskólakennara. Þessir dagar eru notaðir til að undirbúa leikskólastarfið og sækja námskeið og fræðsluerindi og eru auglýstir með fyrirvara.

Ef forráðamenn skulda leikskólagjöld fyrir þrjá mánuði eða meira, er heimilt að segja leikskólavist barnsins upp og setja skuldina í innheimtu.

Forráðamenn greiða leikskólagjald frá þeim tíma sem barnið er skráð í leikskólann. Þó barnið nýti ekki skráðan leikskólatíma vegna orlofs, veikinda eða annarra aðstæðna greiðist fullt leikskólagjald samt sem áður. Þetta gildir þó ekki um langvarandi veikindi barna og langveik börn. Undanþágu vegna sérstakra aðstæðna má sækja til leikskólastjóra, sem metur hverja umsókn fyrir sig.

Heimilt er að fella fæðisgjald niður vegna langvarandi fjarveru barns og er þá miðað við 10 virka daga.

Starfsfólk leikskólans starfar samkvæmt lögum og reglugerðum um leikskóla svo og öðrum lögum sem fjalla um umönnun barna. Einnig er tekið mið af Siðareglum kennara.

Samningur þessi verður endurskoðaður í **janúar 2022.**

Starfsfólk er bundið þagnarskyldu.

Leikskólastjóri

Dags.

Foreldrar/ forráðamenn.